

fríður Sigríður Arngrímsdóttir greiði in solidum 8 kr. í varnarlaun til séra Bjarna Símonarsonar og ákærði Einar Bjarnason Guðmundi hreppstjóra Jónssyni í varnarlaun 8 krónur. Allan annan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra, greiði hin ákærðu öll in solidum.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 10/1899:

Hið opinbera
gegna
Jóhanni Vedholm.

D ó m u r :

Með lögregluréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 21. nóvbr. f. á., var hinn kærði, gestgjafi á Ísafirði, Jóhann Vedholm dæmdur fyrir ólöglegar vínveitingar á helgum degi eftir 10. gr. í tilsk. 28. marz 1855 til að greiða 30 króna sekt til bæjarsjóðs Ísafjarðarkaupstaðar, svo og allan málskostnað; ennfremur var ákveðið með dóminum, að hinn kærði skyldi hafa fyrirgjört rétti þeim, sem hann hefir haft til veitingasölu sem veitingamaður. Þessum dómi hefir verið skotið til yfirdómsins eftir beiðni hins kærða.

Í máli þessu er það löglega sannað, sumpart með framburði hins kærða sjálfs, og sumpart með eiðfestum vitnaskýrslum, að hann hafi sunnudaginn 21. ágústm. f. á. látið útlenda sjómenn fá fyrir borgun 1 fl. af rommi á veitingastofu sinni, og að hann aftur sama dag hafi selt útlendingum til neyzlu í veitingastofunni 1 fl. af öli, 2 brennivinsstaup og 1 glas af »toddy«.

Hinn kærði hefir þrívægis áður verið sektaður fyrir vínveitingar á helgum dögum, nfl. með amtsúrskurði 24. maí 1881 um 4 kr., með landsyfirréttardómi 30. jan. 1882 um 5 kr., og með lögregluréttarúrskurði 16. maí 1895 um 20 kr. Þar sem hann nú enn af nýju hefir gjörst sekur í þessu broti, verður að fallast á ákvæði lögregluréttardómsins um, að kærði skuli hafa fyrirgjört vínveitingarétti sínum samkvæmt fyrirætlunum í 10. gr. tilsk. um sunnu- og helgidagahald 28. marz 1855. Svo verður og að dæma hinn kærða til sektar eftir sömu grein tilskipunarinnar, og þykir hún hæfilega ákveðin af undirdómaranum 30 kr. og rennur hún í fátækra sjóð Ísafjardarkaupstaðar. Með því að yfirdómurinn enn fremur felst á málskostnaðarákvæði lögregluréttardómsins, verður téður dómur staðfestur í öllum greinum. Hinn kærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningislaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, sem ákveðast 10 kr. til hvors þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóminn lögmaet.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn á að vera órask-
aður. Kærði Jóhann Vedholm gestgjafi greiði
allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með
talin málflutningslaun til sækjanda og verj-
anda við yfirdóminn, málsfærslumanna Odds
Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr.
til hvors.

Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna
frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að
lögum.

Nr. 49/1898:

Jón Valdason
gegn
Jóni Hjörleifssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði í héraði hinn stefndi, hrepp-
stjóri Jón Hjörleifsson, gegn áfrýjandanum, fyrir
ærumeiðandi ummæli um sig í kærubréfi til sýslu-
mannsins í Rangárvallasýslu, dags. 2. maí 1896,
og var málið dæmt í aukarétti Rangárvallasýslu
25. aprílm. f. á. þannig, að hin átöldu meiðyrði
skyldu vera dauð og ómerk og áfrýjandinn sam-
kvæmt 217. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869
greiða 120 kr. sekt til landssjóðs eða sæta einföldu
fangelsi í 24 daga, ef sektin eigi væri greidd í á-
kveðinn tíma. Svo skyldi hann og greiða stefnda
í málskostnað 20 krónur.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfir-